

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1287
komudagur 18.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009

Umsögn BSRB um frumvarp til laga atvinnuleysistryggingar, þskj. 635 - 376. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. BSRB styður frumvarpið og gerir engar athugasemdir við efni þess.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 136/1299
komudagur 19.3.2009



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, 376. mál á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar séu verulegar breytingar á því hvað telst vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Þeir teljist einir sjálfstætt starfandi sem starfa á eigin kennitölu við atvinnurekstur eða aðra sjálfstæða starfsemi.

SA og SI telja að gæta þurfi jafnræðis meðal þeirra sem starfa við eigin atvinnurekstur, óháð því hvort félag hafi verið stofnað um starfsemi. Fjölmargir sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa valið að stofa einkahlutafélag um starfsemi sína, fyrst og fremst vegna umfangs starfseminnar og einnig með tillit til skattlagningar tekna. Réttur til atvinnuleysisbóta á ekki að ráðast af því hvort einkahlutafélag hafi verið stofnað um starfsemi eða ekki. Með því er verið að veita eiganda einkahlutafélags mun rýmri rétt en þeim sjálfstætt starfandi einstaklingum sem reka starfsemi á eigin kennitölu, m.a. hvað varðar kröfur um stöðvun rekstar.

SA og SI eru á hinn bóginn fylgjandi því að fullar atvinnuleysisbætur miðist við að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi reiknað sér endurgjald á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fjármálaráðherra. Samkvæmt 58. gr. laga um tekjuskatt er við ákvörðun fjárhæða höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf og því felst í því aukid jafnræði að sjálfstætt starfandi einstaklingar miði við sambærilegar tekjur og almennt gerast hjá launamönnum og greiði atvinnuþryggingagjald af þeirri fjárhæð til að tryggja sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta.

SA og SI telja að sama skapi nauðsynlegt að breyta frumvarpinu í þá veru að allir þeir sem falla undir 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og verða að reikna sér endurgjald á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fjármálaráðherra, sitji við sama borð við mat á því hvort fullum tryggingarétti sé náð. Ný 10. mgr. 15. gr. laga um atvinnuleysistryggingar gæti orðast svo:

„Starfi launamaður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í skilningi 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fer um tryggingahlutfall skv. 19. gr.“

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Arnason, hdl.,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA

F.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður B. Halldórsson hrl.,
lögmaður SI

Alþingi
Erindi nr. P 136/1288
komudagur 18.3.2009

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is


Reykjavík, 17. mars 2009
RH/SLB/010/09

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. 376. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 13. mars 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingstofnun ríkisins þakkar fyrir að fá að koma að umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Tryggingastofnun telur að þessar breytingar á lögum nr. 54/2006, muni ekki hafa áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Einnig hefur frumvarpið ekki áhrif á þær heimildir sem Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun hafa til að skiptast á upplýsingum.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lilly Baldursdóttir
starfandi forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 136/1300
komudagur 19.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingarmálanefnd
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisbætur, með síðari breytingum (376. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur einkum í sér að gildistíma bráðarbirgðarákvæðis laganna um heimild til útgreiðslu hlutfallslegra atvinnuleysisbóta verði framlengt.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Félags- og tryggingamálanefnd,
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 16.03 2009

Efni: **Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum**


- 1. gr.:**
Sjá lið nr. 3.
- 7. gr. b.:**
Ég velti því fyrir mér hvort einnig eigi að bæta við í upptalningu í 4.mgr. 9. gr. laganna, t.d. „sjúkrasjóðir stéttarfélag, Starfsendurhæfingarsjóður“
- 11. gr.:**
Samkvæmt reglum Fjármálaráðherra nr. 1211/2008 um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2009 (1. mgr.) ber launamanni hjá eigin einkahlutafélagi eða hlutafélagi að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda enda hafi hann þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Í ljósi þess þá finnst mér ekki eðlilegt að líta á hann sem venjulegan launamann og hefði talið eðlilegra að farið væri með útreikning bótaréttar hans á sama hátt og lagt er til með útreikning bótaréttar annarra sjálfstætt starfandi sem einnig falla undir sömu reglugerð Fjármálaráðherra sem nota á við útreikning bótahlutfalls.
- 12. gr.:**
12. gr. virðist mér óþörf þar sem 1. mgr. 23. gr. laganna er alveg skýr að því leiti að bótaréttur geymist í 24 mánuði ef viðkomandi hverfur af vinnumarkaði og skiptir engu máli hver ástæða þess er. Sá sem er í ólaunuðu leyfi er ekki að skapa sér neinn bótarétt á þeim tíma, og enda þótt hann teljist kannski ekki í bókstaflegum skilningi horfinn af vinnumarkaði þá hlýtur bótaútreikningur að vera gerður m.t.t. geyms bótaréttar (sbr. 3. mgr. 23. gr.) og þá er 23. gr. alveg nógu skýr að mínu mati.
- 14. gr.:**
Að mínu mati er greinin óþörf, sbr. lið nr. 4.

6. 19. gr.:

Þegar verið er að meta hvort námsmaður teljist á vinnumarkaði, og geti tekið vinnu ef hún býðst, er mikilvægt að skoða stundaskrá og er því í flestum tilfellum farið fram á að hún sé lögð fram og legg ég því til að við 3. mgr. í 52. gr. laganna bætist við „og stundaskrá“.

7. Þótt það sé ekki viðfangsefni í þessum breytingartillögum tel ég að nota ætti þetta tækifæri til að taka til alvarlegrar athugunar hvernig bótaréttur er reiknaður samkv. 1. mgr. 15. gr. laganna en ég sé enga stoð í þeirri málsgrein fyrir þeirri reiknireglu sem notuð er við framkvæmd laganna. Í framkvæmd fær umsækjandi sem hefur unnið í 3 mánuði í 100% starfi sama bótarétt og sá sem hefur aðeins verið að vinna í 25% starfi í 3 mánuði og á sama hátt sá sem hefur unnið í 6 mánuði í 100% starfi fær sama bótarétt og sá sem aðeins hefur unnið í 6 mánuði í 50% starfi. Ef þetta er meiningin löggjafans, hversu undarlegt sem það kann að sýnast, þá finnst mér að það ætti þá a.m.k. að standa skýrt í lögnum hvernig þetta eigi að reikna.

Virðingarfyllst,



Árni Leósson, VR